

Nd. 89. Breytingartillögur

við frv. til l. um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á undan 21. gr. og fyrirsögn falli burt: „V. KAFLI“.
2. Á undan 25. gr. og fyrirsögn falli burt: „VI. KAFLI“.
3. Á undan 34. gr. og fyrirsögn falli burt: „VII. KAFLI“.
4. Fyrir „VIII. KAFLI“ á undan 40. gr. komi: V. KAFLI.
5. Fyrir „IX. KAFLI“ á undan 47. gr. komi: VI. KAFLI.
6. Á eftir 52. gr. komi

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 87 frá 1933, um húsbótaskyldu landsdrottins, koma til framkvæmda, er heimilt að veita ábúendum á jörðum, sem eru í einkaeign, styrk samkvæmt III. kafla laga þessara, enda nái ákvæði 47. og 48. gr. laganna til slíkra jarða.